



## STARFSÁÆTLUN HÁSKÓLARÁÐS 2016-2017

Yfirlit fyrir háskólaráð um framkvæmd og stöðu starfsáætlunar ráðsins sem samþykkt var á fundi þess 12. október 2016

---

### FORSENDUR

Veigamesta verkefni síðasta starfsárs var innleiðing og framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021, HÍ21, og fór sú vinna fram í víðtæku samráði við allt háskólasamfélagið og hagsmunaaðila víðsvegar að úr atvinnu- og þjóðlífi. Stefnan tiltekur fjölmörg markmið og aðgerðir á sviði náms og kennslu, rannsókna, virkrar þátttöku í samfélagi og atvinnulífi og mannauðs. Af eðli máls leiðir að hún er – auk fjárhagsrammans sem háskólanum er settur – mikilvægasta forsenda starfsáætlunar háskólaráðs á tímabilinu.

### ÁHERSLUMÁL

Hér að neðan eru tiltekin áherslumál starfsáætlunar háskólaráðs starfsárið 2016-2017 og stöðu þeirra lýst (auðkennt með rauðu letri):

#### **Framkvæmd *Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021***

- Umsjón með innleiðingu stefnunnar er á höndum rektors og aðstoðarrektors kennslumála og þróunar.
- Áætlun um innleiðingu stefnunnar er í vinnslu og verður háskólaráði reglulega gerð grein fyrir framgangi hennar og árlegu uppgjöri.
- Einstök stefnumál verða til umfjöllunar á vettvangi ráðsins eftir því sem við á.

Innleiðing stefnunnar hefur verið kynnt og rædd víðsvegar í Háskólanum, s.s. í háskólaráði, á fundum rektors með forsetum fræðasviða og á háskólaþingi. 17. maí sl. var haldinn *akkerisfundur* með um 50 stjórnendum sem koma með beinum hætti að framkvæmd stefnunnar og bera ábyrgð á einstökum aðgerðum, þar sem farið með kerfisbundnum hætti yfir stöðu hverrar aðgerðar fyrir sig. Ráðgert er að slíkur akkerisfundur verði haldinn í maí ár hvert á gildistíma stefnunnar.

### Fjármál

- Forgangsmál er að beita sér fyrir bættri fjármögnun Háskóla Íslands.

- Meðaltalsframlag á hvern háskólanema í ríkjum OECD er um þriðjungi hærra en á Íslandi og tvöfalda þarf fjárframlög á hvern háskólanema á Íslandi til að ná meðaltali Norðurlanda.
- Auka þarf fjárframlög til íslenskra háskóla í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs.
- Gengið verði eftir því við stjórnvöld að reiknilíkan vegna kennslu verði endurskoðað með það að markmiði að tryggja viðunandi fjárframlög svo ekki verði vikið frá settum gæðakröfum.
- Aukinni fjárfestingu í háskólastiginu verður ekki frestað lengur; brynt er að huga að nýliðun og fjárfestingu í innviðum.

Fyrirliggjandi drög að fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar koma ekki til móts við erfiða fjárhagsstöðu Háskóla Íslands og valda vonbrigðum. Stjórnendur Háskóla Íslands hefur leitast við að upplýsa stjórnvöld um nauðsyn þess að auka fjárveitingar til skólans og má í því sambandi nefna fundi með öllum stjórnaráðgjafum fyrir síðustu Alþingiskosningar og sérstakt átak undir heitinu "Háskólar í hættu". Þessu var fylgt eftir að loknum kosningum, s.s. með ítrekuðum ályktunum háskólaráðs, samstarfsnefndar háskólastigsins, Stúdentaráðs og kjarafélaga kennara, bréfi rektors til allra Alþingismanna, greinaskrifum og annarri umfjöllum í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum og á fundum með þingflokki, svo nokkuð sé nefnt. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er nefnt að endurskoða reiknilíkón á öllum skólastigum. Munu stjórnendur Háskóla Íslands fylgja því máli eftir. Fjármálaáætlunin er á þessari stundu ekki frágengin og verði áfram unnið á öllum vígstöðvum að því að berjast fyrir bættri fjárhagsstöðu Háskóla Íslands.

## Rannsóknir og nýsköpun

- Í *Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021* eru tilgreind fjölmörg einstök umbótaverkefni á sviði rannsókna og nýsköpunar, s.s. efling rannsóknainnviða, fjölbreyttara mat á árangri og gæðum rannsóknastarfs, efling nýliðunar í rannsóknum og markviss stuðningur við unga rannsakendur, efling alþjóðlegs rannsóknasamstarfs, aukin nýsköpun og hagnýting rannsóknaniðurstaðna og samþætting rannsókna og kennslu.
- Úttekt á matskerfi opinberra háskóla hófst á síðasta starfsári. Vinnu við sjálfsmat er að ljúka og í kjölfarið tekur við ytra mat óháðra erlendra sérfræðinga. Niðurstöður eru væntanlegar í lok vormisseris.
- Vísindagarðar HÍ verði þungamiðja nýsköpunar á Íslandi.

Á vettvangi vísinda- og nýsköpunarsviðs er unnið að greiningu á þörf fyrir rannsóknainnviði og í framhaldinu verður gerð áætlun til ársins 2021. Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Háskóla Íslands hefur ekki verið unnt að halda áfram stuðningi við nýdoktora og ungt vísindafólk. Niðurstöður úttektar á matskerfi opinberra háskóla eru væntanlegar og verður þar m.a. tekið á mati á árangri og gæðum rannsóknastarfs. Varðandi nýsköpun hefur Háskóli Íslands haft forgöngu um að stofna undirbúningsfélag undir heitinu Auðna vegna

tækniyfirfærslu frá háskólum og rannsóknastofnunum til atvinnulífs. Félaginu er ætlað að vinna að stofnun fyrirtækis. Uppbygging Vísindagarða hefur gengið vel á starfsárinu og var m.a. tekin fyrsta skóflustunga að nýsköpunarhúsinu Gróska sem hýsa mun höfuðstöðvar CCP og sprotafyrirtæki. Í maí var gengið frá samstarfssamningi við CCP um faglegt samstarf við fræðasvið og deildir Háskóla Íslands. Fleiri verkefni eru í undirbúningi á vettvangi Vísindagarða Háskóla Íslands.

### Kennslumál

- Í *Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021* eru tilgreind fjölmörg einstök umbótaverkefni á sviði náms og kennslu, s.s. fækkun nemenda á hvern kennara, aukinn stuðningur við grunnám, styrking meistaranáms sem sjálfstæðs námsstigs og efling umgjarðar, innviða og alþjóðlegra tengsla námsins, styrking umgjarðar doktorsnáms og aukinn stuðningur við leiðbeinendur og nemendur og aukin tækifæri nemenda til þátttöku í alþjóðastarfi.
- Stærsta einstaka málið er mótun heildstæðrar stefnu um nám og kennslu.
- Byggir m.a. á niðurstöðum sjálfsmats allra deilda háskólans og ytri úttektar á Háskóla Íslands sem lauk á árinu 2015.

Unnið er að undirbúningi heildstæðrar stefnu um nám og kennslu undir forystu aðstoðarrektors kennslu og þróunar og nýráðins sviðsstjóra kennslusviðs. Stefnan mun taka til framangreindra verkefna.

### Mannauðsmál

- Í *Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021* eru tilgreind fjölmörg einstök umbótaverkefni á sviði starfsmannamála, s.s. að stjórnendur geri starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur og fjölskylduábyrgð, stuðlað verði að hvetjandi, umhverfisvænu og skemmtilegu starfsumhverfi sem efli heilbrigði og vellíðan starfsmanna og stúdenta, háskólasvæðið verði byggt upp með það fyrir augum að stuðla að samheldnu háskólasamfélagi, jafnrétti og fjölbreytileiki verði í fyrirrúmi við þróun háskólasamfélagsins og áhersla verði lögð á að efla stjórnun, gæðaferla og nýtingu upplýsingatækni.
- Áfram verður unnið að eftirfylgni með síðustu starfsumhverfiskönnun og gerð nýrrar könnunar.
- Unnið að mótun fjölskyldustefnu.
- Fylgt eftir tillögum starfshóps um málefni stundakennara.
- Fylgt eftir tillögum nefndar um málefni starfsmanna á eftirlaunum.

Unnið er að mótun fjölskyldustefnu að frumkvæði rektors á vegum starfsmannasviðs. Haustið 2016 var gerð ítarleg starfsumhverfiskönnun og voru niðurstöður hennar kynntar á almennum upplýsingafundi í maí, auk þess sem er unnið að því að kynna niðurstöður fyrir einstakar einingar á vettvangi

þeirra. Unnið hefur verið að eftirfylgni tillagna starfshóps um málefni stundakennara. Á starfsárinu samþykkti háskólaráð nýjar verklagsreglur um málefni fv. starfsmanna á eftirlaunum, í því skyni að nýta þekkingu og krafta þessa hóps í þágu Háskólans. Vel gengur að innleiða umhverfis- og sjálfbærnistefnu Háskólans sem tekur m.a. til betri nýtingar auðlinda og aðfanga, orkusparnaðar og almennrar vitundarvakningar.

### **Virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi**

- Í *Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021* eru tilgreind fjölmörg einstök markmið og aðgerðir sem stuðla að virkri þátttöku í samfélagi og atvinnulífi, s.s. stofnun tengslatorgs háskóla og atvinnulífs, áframhaldandi markviss uppbygging Vísindagarða, efling starfsemi háskólans á landsbyggðinni, nýting margvíslegrar vísindamiðlunar til að örva áhuga og þekkingu á vísindum og gagnkvæmt samstarf og samræða við fyrri skólastig.
- Skipuleg uppbygging hollvinastarfs.

Unnið er að eflingu Tengslatorgs háskóla og atvinnulífs sem er ætlað að stuðla að nýliðun í atvinnulífi og eflingu atvinnutækifæra fyrir nemendur. Áfram hefur verið unnið að eflingu fræðasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni og var á starfsárinu m.a. opnuð nýtt rannsóknasetur á Ströndum, auk þess sem unnið er að uppbyggingu á Laugarvatni. Mikil gróska er í margvíslegri vísindamiðlun fyrir ungmenni og almenning. Í maí var haldinn fjölsóttur samráðsfundur með skólameisturum framhaldsskóla landsins. Frekari uppbygging hollvinastarfs er í biðstöðu af fjárhagsástæðum. (Sjá framar um Vísindagarða).

### **Alþjóðastarf**

- Samstarfsnet valinna evrópskra háskóla – *Aurora University Network*.
- Ný stefna um alþjóðasamskipti verður rædd á háskólaþingi haustið 2016.

Stofnfundur Aurora-háskólanetsins var haldinn í Amsterdam haustið 2016 og annar fundur netsins fór fram í Veröld – húsi Vigdísar í maí 2017. Vinnuhópar um einstök málefni hafa verið að störfum á vettvangi Aurora með virkri þátttöku fulltrúa Háskóla Íslands. Drög að stefnu um alþjóðasamskipti voru rædd á háskólaþingi haustið 2016 og er áfram unnið að málinu.

### **Úttektir**

- Úttekt á stjórnsýslu Háskóla Íslands verður haldið áfram. Næsta áfangaskýrsla verður kynnt í október 2016.
- Úttekt á deililíkani Háskóla Íslands hófst á vormisseri. Stefnt er að því að niðurstöður liggi fyrir í árslok 2016.
- Úttekt á matskerfi opinberu háskólanna (sjá 'rannsóknir og nýsköpun' hér að framan). Sjálfsmatsskýrsla liggur fyrir og er í umsagnarferli. Ráðgert er að ytra mat erlendra sérfræðinga fari fram á vormisseri 2017.

Á síðustu misserum hefur farið fram heildstæð úttekt á stjórnsýslu háskólans og er tveimur áföngum af þremur lokið og stefnt að lúkningu úttektarinnar haustið 2017. Nú þegar hefur verið ráðist í talsverða endurskipulagningu sameiginlegrar stjórnsýslu, m.a. með ráðningu tveggja aðstoðarrektora og framkvæmdastjóra, eflingu lögfræðiþjónustu, ráðningu gæðastjóra og í undirbúningi er stofnun nýs upplýsingatæknisviðs. Jafnframt var gerð sú breyting að rektor varð formaður fjármálanefndar háskólaráðs og aðstoðarretor kennslu og þróunar formaður kennslumálanefndar og aðstoðarretor vísinda formaður vísindanefndar. Markmið þessara breytinga er að styrkja stjórnun háskólans og starf háskólaráðs. Starfshópur um úttekt á deililíkani hefur skilað tillögum sínum og eru þær í skoðun og úrvinnslu á vettvangi frármálanefndar. Tillögur annars starfshóps um fimm ára fjárhagsáætlunargerð fyrir Háskóla Íslands verða til umfjöllunar á fundi háskólaráðs 1. júní 2017. (Um úttekt á matskerfi opinberra háskóla sjá að framan).

### Gæðamál

- Áfram verður unnið að eftirfylgni með niðurstöðum fyrstu lotu rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla.
- Undirbúningur að framkvæmd annarrar lotu á vettvangi HÍ hefst í ársbyrjun 2017.

Unnið hefur verið skipulega úr niðurstöðum fyrstu lotu rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla og hefur sú vinna m.a. skilað sér inn í stefnu Háskóla Íslands 2016-2021. Á fundi háskólaráðs 1. júní 2017 er lögð fram til fróðleiks greinargerð um eftirfylgni með fyrstu lotu rammaáætlunarinnar ásamt dagskrá árlegs fundar stjórnenda Háskóla Íslands með fulltrúum Gæðaráðs háskóla 30. maí 2017. Undirbúningur fyrir aðra lotu er vel á veg kominn og fyrir liggja m.a. leiðbeiningar og sniðmát fyrir sjálfsmat deilda.

### Innviðir

- Markviss efling innviða rannsókna, kennslu stjórnsýslu og stoðþjónustu, sbr. áherslur *Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021*.
- Unnið verður að því að hrinda endurskoðaðri málstefnu háskólans í framkvæmd og fylgja henni eftir.
- Nýr ytri vefur, [www.hi.is](http://www.hi.is), er í smíðum og verður kynntur á haustmisseri.

Um greiningu og áætlunargerð um innviði er fjallað hér að framan. Málnefnd Háskóla Íslands hefur tekið til starfa og hefur nefndin m.a. hlotið öflugan styrk til að hrinda völdum þáttum málstefnunnar í framkvæmd. Mikil vinna hefur verið lögð í hönnun og útlit nýs vefs fyrir Háskóla Íslands og verður hann tekinn í notkun í lok júní 2017.

### Framkvæmdir og skipulag

- Unnið er eftir framkvæmdaáætlun HÍ 2016-2024.

- Bygging húss Stofnunar Vigdísar Finnbogardóttur í erlendum tungumálum á lokastigi. Alþjóðleg tungumálamiðstöð og nýtt aðsetur Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.
- Göng undir Suðurgötu tengja saman austur- og vesturhluta háskólasvæðisins.
- Hús íslenskra fræða. Nýtt aðsetur Íslensku- og menningardeildar.
- Bætt aðstaða heilbrigðisvísindagreina í tengslum við byggingu nýs Landspítala við Hringbraut.
- Vísindagarðar: Bygging Alvotech tekin í notkun. Undirbúningur byggingar nýrra höfuðstöðva CCP. Fleiri verkefni í undirbúningi.
- Skipulag háskólasvæðis. Farið verði heildstætt yfir skipulag háskólasvæðisins, gildandi áætlun um nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni.

Veröld – hús Vigdísar var formlega vígt 20. apríl 2017 og göng undir Suðurgötu tekin í notkun á sama tíma. Bygging Húss íslenskra fræða verður boðin út síðla sumars 2017. Verið er að yfirfara fyrri þarfagreiningu og hönnun húnæðis fyrir heilbrigðisvísindagreinar í tengslum við nýjan Landspítala v. Hringbraut. Bygging Alvotech hefur verið tekin í notkun og hafist hefur verið handa við byggingu hugmyndahússins Grósku sem mun hýsa höfuðstöðvar CCP og ýmis nýsköpunarfyrirtæki. Skipulag háskólasvæðisins er í skoðun og ýmsar aðgerðir í undirbúningi. Markmiðið er að heildstæð áætlun um skipulag háskólasvæðisins verði rædd of afgreidd af háskólaráði skólaárið 2017-2018.